

Þriðjudaginn 28. júní 1988.

Nr. 156/1988. **Trausti Haraldsson**

Kristján Árnason og

Arnald Reykdal

gegn

Gunnari Berg Gunnarssyni

Kærumál. Frávisunardómur felldur úr gildi.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Skaftason, Benedikt Blöndal og Guðrún Erlendsdóttir.

Sóknaraðilar hafa með kæru 6. maí 1988, sem barst Hæstarétti 30. s.m., kært frávisunardóm bæjarþings Akureyrar, sem kveðinn var upp 5. febrúar sl., en sóknaraðilum var ekki kunn niðurstaða dómsins fyrr en 26. apríl sl.

Sóknaraðilar krefjast þess, að hinum kærða dómi verði hrundið og lagt verði fyrir héraðsdómarann að taka málið að nýju til meðferðar og kveða upp dóm um efni málsins.

Ekki hefur borist greinargerð frá varnaraðila.

Héraðsdómari vísaði máli þessu frá dómi ex officio þar sem ekki lágu fyrir „lögmælt reikningsskil á þeim tíma, sem aðilar störfuðu saman“. Sóknaraðilar halda því fram, að ekki hafi verið unnt að ganga frá lögformlegu uppgjöri, þar sem varnaraðili hafi undir höndum öll gögn og alla fjármuni í eigu útgáfunnar og neiti sóknaraðilum um aðgang að þeim. Lagt var fram í héraði bráðabirgða-uppgjör vegna ársins 1985, og upplýst er, að lögmaður varnaraðila lagði uppgjör vegna ársins 1986 fyrir dómara að afloknum málflutningi í héraði. Þessi gögn hafa verið lögð fyrir Hæstarétt undirrituð af sóknaraðilum með fyrirvara vegna ráðstöfunar á tekjum.

Í máli þessu er deilt um það, hvort aðilar hafi haft með sér óformlegt félag um útgáfu upplýsingarits á Akureyri, þegar ný símaskrá var gefin út af Póst- og símamálastofnun, svo og hvort samningur hafi verið í gildi milli aðila um skiptingu tekna vegna þessarar útgáfu árin 1985 og 1986. Verður að telja, að héraðsdómara sé rétt að leggja efnisdóm á málið. Ber því að fella hinn kærða frávisunardóm úr gildi og leggja fyrir héraðsdómara að dæma málið að efni til.

Kærumálskostnaðar er ekki krafist.

Hinn kærði frávisunardómur er felldur úr gildi og málinu vísað heim í hérað til löglegrar meðferðar og uppsögu dóms að nýju.

Dómur bæjarþings Akureyrar 5. febrúar 1988.

Mál þetta, sem dómtekið var 18. f.m. að undangengnum munnlegum málflutningi þann dag, hefur Gísli Baldur Garðarsson hrl. höfðað með stefnu útgefni í Reykjavík 15. maí 1987 og þingfestri hér fyrir bæjarþinginu 21. s.m. f.h. Trausta Haraldssonar, nnr. 8929-5076, Skarðshlíð 32 f, Kristjáns Árnasonar, nnr. 5839-2471, Lönguhlíð 22, og Arnalds Reykdal, nnr. 0446-5946, Ásvegi 13, allra búsettra á Akureyri, á hendur Gunnari Berg Gunnarssyni, nnr. 3356-1830, Skarðshlíð 2 g, Akureyri, til heimtu greiðslu á samningsbundnum ágóðahlut vegna útgáfustarfsemi auk vaxta og kostnaðar.

Dómkröfur stefnenda eru þær, að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnendum kr. 1.179.932,- ásamt 2,25% dráttarvöxtum á mánuði frá 01.06. 1986 af kr. 173.266,- til 01.01. 1987 og af kr. 1.179.932,- frá þ.d. til 01.03. 1987 og 2,5% dráttarvöxtum á mánuði frá þ.d. til þingfestingardags málsins 21.05. 1987 og dráttarvexti skv. 14. gr. laga nr. 25, 1987 frá þ.d. til greiðsludags auk málskostnaðar skv. gjaldskrá LMFÍ. Einnig er gerð krafa um vaxtavexti, þ.e. að vextir leggist við höfuðstól á 12 mánaða fresti, í fyrsta sinn 1. janúar 1988.

Stefndi gerir þær kröfur, að hann verði alfarið sýknaður af öllum kröfum stefnenda og stefnendur verði dæmdir til greiðslu málskostnaðar skv. gjaldskrá LMFÍ eða málskostnaðarreikningi.

Álit dómars:

Svo sem hér að framan er rakið greinir aðila á um það hvort og hvenær upp úr hafi slitnað útgáfustarfsemi þeirra. Bráðabirgðauppgjörð fyrir árið 1985 á dskj. nr. 3 svo og ársreikningur sá, er stefndi skilaði skattyfirvöldum fyrir það ár, sbr. dskj. nr. 19, er hvorki staðfestur af stefnda né stefnendum, svo sem fyrir er mælt í 2. mgr. 18. gr. laga nr. 51, 1968 um bókhald. Stefnendur mótmæla nokkrum gjaldfærslum í ársreikningnum og er engin áritun um þær mótbárur, svo sem fyrir er mælt í 3. mgr. sömu greinar. Ársuppgjör fyrir árið 1986 liggur ekki fyrir.

Með því að ekki liggja fyrir lögmælt reikningsskil á þeim tíma, sem aðilar störfuðu saman og þar til þeir slitu samvinnu sinni, en um þau tímamörk

eru þeir ekki sammála, verður að vísa máli þessu frá dómi ex officio.

Rétt þykir eins og máli þessu er háttað, að málskostnaður falli niður. Dóm þennan kvað upp Ásgeir Pétur Ásgeirsson héraðsdómari.

D ó m s o r ð:

Máli þessu er vísað frá dómi ex officio.

Málskostnaður fellur niður.

Miðvikudaginn 29. júní 1988.

Nr. 76/1987. **Örn Halldórsson**

(Hrafnkell Ásgeirsson hrl.)

gegn

Ísflski sf.

Ómerking. Heimvísun. Áfrýjunarstefna. Leiðbeiningarskylda.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðrún Erlendsdóttir og Benedikt Blöndal og Hjörtur Torfason settur hæstaréttardómari.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með áfrýjunarstefnu 26. febrúar 1987. Gerir hann þær dómkröfur, að hann verði sýknaður af kröfum stefnda á hendur sér og honum dæmdur málskostnaður úr hendi stefnda.

Stefndi krefst aðallega frávísunar á málinu frá Hæstarétti, en til vara þess að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur. Hann krefst og málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjanda.

Fyrir Hæstarétt hafa verið lögð gögn úr vitnamáli, sem háð var á bæjarþingi Kópavogs eftir uppsögu héraðsdóms að tilhlutan áfrýjanda, en gegn mótmælum stefnda við nýjum vörnum og málsástæð-